

97

23. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 frá 1. febr. 1936, um nýbýli og samvinnubýggðir.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 21. gr. laganna bætist:
Bréfin skulu tryggð með ábyrgð rikissjóðs.

2. gr.

22. gr. laganna orðist svo:

Úr nýbýladeild byggingar- og landnámssjóðs skal veita lán til stofnuunar nýbýla, og má það vera allt að kr. 3500.00 á býli, og þó aldrei yfir $\frac{1}{4}$ af stofn-
kostnaði býlisins. Lánin skulu veitt gegn 1. veðrétti í býlinu, sé landið óveðsett, ella með síðari veðrétti og uppfærslurétti.

Á undan láni nýbýlasjóðs má aðeins hvíla:

- a) hæfilegt kaupverð óræktaðs lands býlisins, að dómi nýbýlastjórnar, og þó aldrei yfir kr. 1500.00, og
- b) 50% af verðmæti varanlegra mannvirkja, er landinu kann að fylgja, og skal lán úr nýbýladeild vera þeim mun lægra er slíku láni nemur, þannig, að það ásamt láni úr nýbýladeild fari ekki fram úr kr. 3500.00.

Lán nýbýladeildar afborgist á 20—40 árum eftir gerð húsa. Vextir af þeim séu ekki hærri en greiða þarf af veðbréfum, sem sjóðurinn gefur út.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.